

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 11 28. febrúar 1947, um Tilraunastöð Háskólans í meinafræði.

11. gr.

Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Forstöðumaður Tilraunastöðvarinnar, sem starfar þegar lög þessi taka gildi, heldur forstöðumannsstöðunni í allt að sex ár frá gildistöku laganna. Um ráðningu forstöðumanns í embætti prófessors við læknadeild Háskóla Íslands fer eftir háskólalögum. Að öðru leyti fer um forstöðumann eins og segir í 5. gr. laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. málsl. 1. mgr. 64. gr. laganna orðist svo: Eftirlifandi maka skal ætíð heimilt að telja fram allar tekjur sínar og hins látna maka sem hjón væru í samræmi við ákvæði 63. gr., í allt að níu mánuði frá og með andlátsmánuði makans og fer þá um álagningu tekjuskatts og ákvörðun persónuafsláttar samkvæmt því.

2. gr.

Við 81. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 51/1989, bætist ný málsgrein er orðist svo:

Eignarskattsálagningu eftirlifandi maka eða sambúðaraðila, sbr. 3. málsl. 1. mgr., skal á dánarári maka eða sambúðaraðila hagað á sama hátt og um hjón væri að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990 og eigna í lok þess árs.

Gjört í Reykjavík, 17. maí 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.